65
1. júlí

SAMÞYKKT

um

samgirðingu fyrir Litlavatnsskarð.

Sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóv. 1913 gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu fyrir jarðirnar Hvamm, Móberg, Strjúgsstaði, Gunnsteinsstaði í Langadal og ennfremur Hvamm, Mörk, Litlavatnsskarð, Kárahlíð, Refsstaði og Vesturá á Laxárdal.

1. gr.

Gera skal stórgripagirðingu fyrir Litlavatnsskarð. Girðingin skal vera tveggja strengja gaddavírsgirðing, og að öðru leyti eins og krafizt er með stórgripagirðingu.

2. gr.

Öllum kostnaði við lagningu girðingarinnar, svo og andvirði efnis, keypt til viðhalds hennar, vöxtum og afborgunum af láni, er til girðingarinnar er tekið, skal jafna niður þannig:

a) Helmingur árlegs gjalds greiðist af ábúendum nefndra jarða, í réttum hlutföllum eftir landverði þeirra samkvæmt fasteignamati. Hinn hlutinn árlega gjaldsins greiðist af ábúendum nefndra jarða og heimilsmönnum þeirra, í réttum hlutföllum við tölu fjallskilaskyldra hrossa hlutaðeigenda.
b) Séu stóðhross rekin til afréttar Engihlíðarhrepps, sem ekki eru eign manna á félagssvæðinu, skulu umráðamenn hrossanna greiða hálfu meira gjald af hverju hrossi en menn á félagssvæðinu greiða.

Ábúendur Refsstaða, Kárahlíðar, Litlavatnsskarðs, Merkur og Hvamms á Laxárdal greiði kostnað af vinnu við viðhald girðingarinnar og niðursetning þeirra staura, er þegar eru keyptir. Þessi kostnaður greiðist í réttu hlutfalli eftir fasteignamatsverði jarðanna.

Í stað ábúenda komi eigendur jarðanna sem greiðsluaðilar, ef þær eru ekki í ábúð.

3. gr.

Félagar eru allir þeir, sem gjald greiða til girðingarinnar og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt um þau mál, er girðinguna varða.

4. gr.

Félagið kýs þriggja manna stjórn til eins árs í senn. Stjórnin skal hafa umsjón með öllum framkvæmdum fyrir það, bæði með lagningu og viðhaldi girðingarinnar, jafna niður gjöldum félagsins og innheimta þau, boða til funda fyrir félagið o. fl.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin nú þegar, og svo framvegis á aðalfundi, er haldinn skal eigi síðar en í febrúar ár hvert. Skal þá leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Reikningsár félagsins er almanaksárið og eru öll gjöld félagsins fallin í gjalddaga í lok þess.

65
1. júlí

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 5—20 krónum, er renna í sýslusjóð.

7. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

66
9. júlí

fyrir

Fiskiræktarfélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélag Árnesinga. Heimili þess og varnarþing er í Tryggvaskála í Sandvíkurhreppi.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskimagn Ölfusár og áa þeirra, er í hana falla, svo sem með klaki, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

3. gr.

Félagssvæði eru allar þær jarðir, sem land eiga að Ölfusá, Soginu upp að Kistufossi, Hvítá að Gullfossi, Brúará að Hlauptungufossi, Stórulaxá og Minnilaxá allt til afréttar. Eitt atkvæði komi fyrir hverja jörð, en ef fleiri eru eigendur en einn, þá skal hver hlutaðeigandi eiga atkvæðisrétt í félaginu. Nú þykir